

AUGLÝSING

um staðfestingu samnings um jörðina Laugarás í Bláskógabyggð.

Ráðuneytið hefur staðfest meðfylgjandi samning um jörðina Laugarás í Bláskógabyggð. Aðildarsveitarfélög að samningnum eru Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur.

Samningurinn er gerður á grundvelli 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og tekur Bláskógabyggð að sér umsjón með eignarhlut aðildarsveitarfélaganna í jörðinni Laugarási samkvæmt nánari ákvæðum samningsins, sem birtur er sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Innviðaráðuneytinu, 2. júlí 2026.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Ólöf Sunna Jónsdóttir.

Fylgiskjal.**SAMNINGUR
um jörðina Laugarás í Bláskógabyggð.**

1. gr.

Samningsaðilar.

Aðilar samnings þessa eru eftirtalin sveitarfélög:

Hrunamannahreppur, kt. 640169-2309, Akurgerði 6, 845 Flúðum.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur, kt. 540602-4410, Árnesi, 804 Selfossi.

Grímsnes- og Grafningshreppur, kt. 590698-2109, Borg, 805 Selfossi.

Bláskógabyggð, kt. 510602-4120, Aratungu, 806 Selfossi.

Bláskógaveita, kt. 630580-0139, Aratungu, 806 Selfossi, er stofnun Bláskógabyggðar og er Bláskógaveita jafnframt skuldbundin af efni samnings þessa.

2. gr.

Eignarhlutföll.

Samningsaðilar eiga jörðina Laugarás, L167138, í Bláskógabyggð, með öllu því sem henni fylgir og fylgja ber, þ.m.t. hlunnindum s.s. jarðhitaréttindum, veiðirétti o.s.frv., í óskiptri sameign. Eignarhlutföll eru eftirfarandi:

Hrunamannahreppur 30,0%

Skeiða- og Gnúpverjahreppur 24,9%

Grímsnes- og Grafningshreppur 11,9%

Bláskógabyggð 33,2%

Um er að ræða jörðina sjálfa og allar þær lóðir sem hafa verið skipt úr henni, en samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum frá fasteignaskrá eru það eftirfarandi fasteignir:

Landnúmer, fastanúmer	Heiti	Notkun	Sveitarfélag
167120, 2204756	Hveratún	Jörð í byggð	Bláskógabyggð
167138, 2204884	Laugarás	Jörð í byggð	Bláskógabyggð
167140, 2204897	Skógargata 5	Annað land	Bláskógabyggð
167141, 2214555	Ekra	Jörð í byggð	Bláskógabyggð
167145, 2204930	Heiðmörk	Jörð í byggð	Bláskógabyggð
167147, 2204948	Lyngás	Jörð í byggð	Bláskógabyggð
167173, 2205171	Teigur	Jörð í byggð	Bláskógabyggð
167380, 2205516	Hverabrekka 1	Íbúðarhúsaloð	Bláskógabyggð
167381, 2205519	Skúlagata 1	Íbúðar- og atvinnulóð	Bláskógabyggð
167382, STF1078546	Lindartún 3	Iðnaðar- og athafnalóð	Bláskógabyggð
167384, STF1078529	Laugarás	Sumarbústaðaland	Bláskógabyggð

167385, 2346123	Laugarás	Viðskipta- og þjónustulóð	Bláskógabyggð
167386, 2205534	Launrétt 4	Viðskipta- og þjónustulóð	Bláskógabyggð
167387, 2205535	Laugarás	Iðnaðar- og athafnalóð	Bláskógabyggð
167388, 2205537	Laugarás	Sumarbústaðaland	Bláskógabyggð
167390, 2205541	Austurbyggð 15 Árós	Íbúðarhúsalóð	Bláskógabyggð
167391, 2205543	Laugarás	Viðskipta- og þjónustulóð	Bláskógabyggð
167392, STF1078535	Laugarás	Iðnaðar- og athafnalóð	Bláskógabyggð
167395, 2205551	Kvistholt	Jörð í byggð	Bláskógabyggð
167396, 2214550	Gerði	Jörð í byggð	Bláskógabyggð
167397, 2214549	Kirkjuholt	Jörð	Bláskógabyggð
167398, 2205558	Laugarás	Sumarbústaðaland	Bláskógabyggð
167399, 2233837	Espigerði	Jörð í byggð	Bláskógabyggð
167400, 2217713	Holtsgata 13a	Jörð	Bláskógabyggð
167401, 2346121	Holtagata 9	Sumarbústaðaland	Bláskógabyggð
167402, 2213867	Traðir	Jörð í byggð	Bláskógabyggð
167403, 2205563	Vesturbyggð 1	Íbúðarhúsalóð	Bláskógabyggð
167404, 2205565	Vesturbyggð 6	Íbúðarhúsalóð	Bláskógabyggð
167405, 2205567	Austurbyggð 24	Íbúðarhúsalóð	Bláskógabyggð
167406, 2205568	Austurbyggð 26	Íbúðarhúsalóð	Bláskógabyggð
167407, 2205569	Laugarás	Sumarbústaðaland	Bláskógabyggð
167409, 2205571	Brennigerði	Íbúðarhúsalóð	Bláskógabyggð
167410, 2205572	Klettagata 18	Sumarbústaðaland	Bláskógabyggð
173532, 2219383	Vesturbyggð 4	Íbúðarhúsalóð	Bláskógabyggð
173790, 2218470	Laugarás 5	Íbúðarhúsalóð	Bláskógabyggð
190291, 2346245	Skýrklettagata	Iðnaðar- og athafnalóð	Bláskógabyggð
175560, 2346248	Skýrklettagata 9	Sumarbústaðaland	Bláskógabyggð
175561, 2226716	Skýrklettagata 10	Sumarbústaðaland	Bláskógabyggð
175562, 2346249	Skýrklettagata 12	Sumarbústaðaland	Bláskógabyggð
175563, 2346250	Skýrklettagata 14	Sumarbústaðaland	Bláskógabyggð
176855, 2230391	Laugarás tækjahús	Viðskipta- og þjónustulóð	Bláskógabyggð
178954, 2235567	Laugarás spennistöð	Viðskipta- og þjónustulóð	Bláskógabyggð
180798, 2240625	Bæjarholt 13	Íbúðarhúsalóð	Bláskógabyggð
189656, 2251504	Austurbyggð 11	Íbúðarhúsalóð	Bláskógabyggð
189658, 2251505	Austurbyggð 13	Íbúðarhúsalóð	Bláskógabyggð
190891, 2346074	Langholtsvegur 5	Iðnaðar- og athafnalóð	Bláskógabyggð
190923, 2264282	Langholt 1	Íbúðarhúsalóð	Bláskógabyggð
191608, 2251505	Bæjarholt 11	Íbúðarhúsalóð	Bláskógabyggð
191790, 2256438	Traðir 2	Íbúðarhúsalóð	Bláskógabyggð

191892, 2205522	Lindarbrekka lóð	Sumarbústaðaland	Bláskógabyggð
192590, 2295731	Austurbyggð 5	Íbúðarhúsalóð	Bláskógabyggð
192591, 2295713	Austurbyggð 7	Íbúðarhúsalóð	Bláskógabyggð
192592, 2346126	Austurbyggð 17	Íbúðarhúsalóð	Bláskógabyggð
192593, 2346127	Austurbyggð 19	Íbúðarhúsalóð	Bláskógabyggð
192594, 2292783	Austurbyggð 28	Íbúðarhúsalóð	Bláskógabyggð
193102, 2204939	Bjarmaland	Íbúðar- og atvinnulóð	Bláskógabyggð
194817, 2265228	Bæjarholt 2	Íbúðarhúsalóð	Bláskógabyggð
195571, 2265228	Holtagata 11	Sumarbústaðaland	Bláskógabyggð
195572, 2274337	Laugarás 1	Íbúðarhúsalóð	Bláskógabyggð
197243, 2346124	Laugarás dælustöð	Viðskipta- og þjónustulóð	Bláskógabyggð
199544, 2318217	Austurbyggð 1	Íbúðarhúsalóð	Bláskógabyggð
199545, 2346125	Austurbyggð 9	Íbúðarhúsalóð	Bláskógabyggð
200531, 2286895	Holtagata 15A	Íbúðarhúsalóð	Bláskógabyggð
201039, 2346128	Ferjuvegur 3	Ræktunarlund	Bláskógabyggð
202313, 2318458	Bæjarholt 1	Íbúðarhúsalóð	Bláskógabyggð
202314, 2318884	Bæjarholt 3	Íbúðarhúsalóð	Bláskógabyggð
202315, 2346130	Bæjarholt 4	Íbúðarhúsalóð	Bláskógabyggð
202316, 2316812	Bæjarholt 5	Íbúðarhúsalóð	Bláskógabyggð
202317, 2346131	Bæjarholt 6	Íbúðarhúsalóð	Bláskógabyggð
202318, 2316820	Bæjarholt 7	Íbúðarhúsalóð	Bláskógabyggð
202319, 2310068	Bæjarholt 8	Íbúðarhúsalóð	Bláskógabyggð
202320, 2316815	Bæjarholt 9	Íbúðarhúsalóð	Bláskógabyggð
202321, 2346132	Bæjarholt 10	Íbúðarhúsalóð	Bláskógabyggð
202322, 2346133	Bæjarholt 12	Íbúðarhúsalóð	Bláskógabyggð
202323, 2346134	Bæjarholt 14	Íbúðarhúsalóð	Bláskógabyggð
210072, 2346136	Langholt 3	Íbúðarhúsalóð	Bláskógabyggð
216488, 2314560	Árbyggð 8	Íbúðarhúsalóð	Bláskógabyggð
216606, 2346135	Langholtsvegur 2	Annað land	Bláskógabyggð
216607, 2346137	Langholtsvegur 4	Annað land	Bláskógabyggð
221391, 2348138	Hverabrekka 8	Viðskipta- og þjónustulóð	Bláskógabyggð
221901, 2205559	Holtsgata 13b	Íbúðar- og atvinnulóð	Bláskógabyggð
223184, 2355849	Skálholtsvegur spennistöð	Viðskipta- og þjónustulóð	Bláskógabyggð
226567, 2204299	Kirkjuholtsvegur 1	Íbúðarhúsalóð	Bláskógabyggð
230748, 2512446	Launrétt 6	Viðskipta- og þjónustulóð	Bláskógabyggð
230749, 2512445	Launrétt 8	Íbúðarhúsalóð	Bláskógabyggð
239016, 2537564	Holtagata 1B	Iðnaðar- og athafnalóð	Bláskógabyggð
239310, 2538129	Vesturbyggð 7A viðbótarlóð	Íbúðarhúsalóð	Bláskógabyggð

Framangreind upptalning er sett fram með þeim fyrirvara að á hana kunni eftir atvikum að vanta eignir sem eru misskráðar hjá fasteignaskrá, en slíkar eignir falla jafnframt undir samning þennan með sama hætti og þær sem að framan greinir.

3. gr.

Tilgangur samningsins o.fl.

Samningsaðilar eru sammála um að það sé höfuðtilgangur þessa samnings að hafa á einni hendi stjórn og umsjón jarðarinnar. Þá eru aðilar sammála um að enginn samningsaðila eigi að hafa verulegan fjárhagslegan ávinning af samningnum né bera af honum skaða.

Sveitarfélögin Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Grímsnes- og Grafningshreppur fela Bláskógabyggð, með samningi þessum, umsjón með eignarhlut sínum í jörðinni Laugarási og þar með talið allra framangreindra fasteigna og allra þeirra hlunninda sem eignunum fylgja, á grundvelli 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Bláskógabyggð þarf ekki að fá sérstaka staðfestingu annarra samningsaðila vegna þeirra löggæringa sem gerðir eru á grundvelli samnings þessa. Bláskógabyggð/Bláskógaveitu ber að afhenda öðrum samningsaðilum öll gögn og upplýsingar er varða efni samnings þessa.

Oddvitar sveitarfélaganna skulu funda, eftir því sem þörf er á, vegna þeirra mála sem tengjast samningi þessum og skulu þeir leitast við að setta þann ágreining sem kann að koma upp. Hvert sveitarfélag fyrir sig getur boðað til fundar vegna málefna sveitarfélaganna og skal fundarboð sent á almennt netfang sveitarfélaganna með a.m.k. einnar viku fyrirvara nema að annað sé samþykkt af hálfu allra sveitarfélaganna.

4. gr.

Heimildir og umboð Bláskógabyggðar og tengdra aðila .

Bláskógabyggð skal hafa samráð við aðra aðila samnings þessa varðandi skipulagsmál er varða Laugarásjörðina og það land sem skipt hefur verið úr jörðinni sem sveitarfélögin eiga saman. Ekki er þó þörf á sérstakri staðfestingu samningsaðila vegna skipulagsmála er varða þær fasteignir sem samningur þessi tekur til.

Bláskógabyggð hefur heimild til að leigja út þann hluta jarðarinnar sem ekki hefur verið úthlutað undir lóðir, götur eða göngustíga samkvæmt skipulagi, gera nýja lóðarleigusamninga og endurnýja þá fyrir hönd allra samningsaðila. Lóðarleigusamningar skulu vera í samræmi við og með sömu skilmálum og almennir lóðarleigusamningar Bláskógabyggðar. Þá skal Bláskógabyggð innheimta lóðarleigu samkvæmt lóðarleigusamningum fyrir hönd allra samningsaðila. Lóðarleiga reiknast samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar Bláskógabyggðar um lóðarleigu hverju sinni, nú 1% af fasteignamati.

Bláskógabyggð hefur heimild til að úthluta lóðum samkvæmt skipulagi í umboði annarra samningsaðila og fer þá um úthlutunina samkvæmt þeim reglum sem gilda hjá Bláskógabyggð hverju sinni.

Bláskógabyggð hefur jafnframt heimild til þess að leigja út þann hluta jarðarinnar sem ekki hefur verið úthlutað undir mannvirki, til annarrar nýtingar sem samræmist skipulagi.

Bláskógabyggð fer með jarðhitaréttindi sem tilheyra jörðinni Laugarási og hefur rétt til nýtingar á jarðhitanum. Bláskógabyggð er jafnframt heimilt að fela Bláskógaveitu, kt. 630580-0139, jarðhitaleit og nýtingu jarðhitaréttinda sem tilheyra jörðinni. Bláskógaveita annast rekstur hitaveitu í Laugarási og um hitaveituna gildir reglugerð fyrir Bláskógaveitu nr. 505/2008. Um gjald fyrir notkun á heitu vatni fer samkvæmt gjaldskrá Bláskógaveitu, eins og hún er á hverjum tíma. Bláskógabyggð er ekki heimilt að semja við einkaaðila um tiltekin verkefni samkvæmt samningi þessum, sbr. 100. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nema samþykki annarra samningsaðila liggi fyrir.

5. gr.

Leigugjald vegna landa og lóða.

Bláskógabyggð skal innheimta leigu af löndum og lóðum samkvæmt gildandi samningum hverju sinni. Bláskógabyggð heldur eftir 40% af heildarupphæð innheimtrar leigu á ári hverju og er það endurgjald vegna kostnaðar Bláskógabyggðar/Bláskógaveitu við öflun á heitu vatni og fyrir umsýslu sveitarfélagsins samkvæmt þessum samningi þ.m.t. innheimtu gjalda.

Eftirstöðvar leigugjalds þ.e. 60% af innheimtu leigugjaldi skal renna til allra landeigendanna fjögurra í sama hlutfalli og tilgreint er í 2. gr. samnings þessa. Gjaldldagi leigugjaldsins er 1. febrúar ár hvert vegna ársins á undan og reiknast dráttarvextir eftir almennum reglum hafi leigan fyrir árið á undan ekki verið greidd þann 20. febrúar.

6. gr.

Endurgjald vegna sölu á heitu vatni.

Sem endurgjald fyrir sölu Bláskógaveitu á heitu vatni í Laugarási greiðir Bláskógaveita öllum fjórum eigendum jarðarinnar 8,5% af brúttótekjum hvers árs fyrir sölu á heitu vatni samkvæmt gjaldskrá Bláskógaveitu hverju sinni. Greiðslan skiptist niður á sveitarfélögin í sama hlutfalli og tilgreint er í 2. gr. samnings þessa.

Gjaldldagi endurgjaldsins fyrir sölu á heitu vatni er 1. febrúar ár hvert vegna ársins á undan. Á endurgjaldið reiknast dráttarvextir eftir almennum reglum ef endurgjaldið fyrir árið á undan hefur ekki verið greitt þann 20. febrúar.

7. gr.

Uppbygging innviða og innheimta á gatnagerðar- og heimæðagjöldum.

Bláskógabyggð annast uppbyggingu innviða í Laugarási og rekstur þeirra, þ.e. gatna- og stígakerfis og lagningu vatns- og fráveitukerfa. Bláskógabyggð innheimtir gatnagerðargjöld og heimæðagjöld viðkomandi veitna.

Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Grímsnes- og Grafningshreppur fá enga hlutdeild í innheimtum gatnagerðargjöldum eða heimæðagjöldum enda eru slík gjöld ætluð til þess að standa straum af kostnaði Bláskógabyggðar af uppbyggingu innviða. Hin sveitarfélögin bera jafnframt engan kostnað af uppbyggingu innviða þótt tap verði á tilteknum framkvæmdum við innviðauppbyggingu hjá Bláskógabyggð.

8. gr.

Samningstími.

Samningur þessi er ótímabundinn en uppsegjanlegur af hálfu allra samningsaðila með eins árs fyrirvara og byrjar uppsagnarfrestur að líða næstu áramót eftir að uppsögn berst. Uppsögn skal vera skrifleg og skal henni fylgja bókun af fundi viðkomandi sveitarstjórnar þar sem ákvörðun um uppsögn er tekin af sveitarstjórn. Á uppsagnarfresti skuldbinda aðilar sig til þess að semja um lok samningssambandsins og eftir atvikum áframhaldandi samningssamband annarra samningsaðila. Samning þennan skal endurskoða að jafnaði á 5 ára fresti eða oftar ef samningsaðilar óska þess.

Komi til uppsagnar einhvers af samningsaðilum halda þeir löggerningar sem Bláskógabyggð kann að hafa gert á grundvelli samnings þessa gildi sínu gagnvart þriðja aðila enda hefur Bláskógabyggð umboð til þess að fara með og ráðstafa eignarhluta annarra samningsaðila samkvæmt samningi þessum.

Komi til þess að einhver samningsaðili taki ákvörðun um að selja eignarhluta sinn í þeim eignum sem samningur þessi tekur til skal hann tilkynna hinum samningsaðilunum um þá ákvörðun eins fljótt og kostur er. Samningsaðili sem selur eignarhluta sinn er bundinn af eins árs uppsagnarfresti á samningi þessum.

9. gr.

Ágreiningur.

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Suðurlands en samningsaðilar skulu leita allra leiða til þess að jafna ágreining sem kann að koma upp í samningssambandinu.

10. gr.

Undirritun samnings o.fl.

Til staðfestu undirrita sveitarstjórar sveitarfélaganna sem eru aðilar að samningi þessum fyrir hönd sveitarfélaganna. Sveitarstjóri Bláskógabyggðar undirritar samninginn jafnframt fyrir hönd Bláskógaveitu. Samningur þessi er undirritaður rafrænt.

B deild - Útgáfudagur: 16. júlí 2026